

4 - 21/22 Fundur Kjaranefndar LEB 21.1.2022. Fjarfundur á Zoom

Mætt voru: Þorbjörn Guðmundsson, formaður, Ásgerður Pálsdóttir, Jóna Ósk Guðjónsdóttir, Sigurbjörg Gísladóttir og Jón Ragnar Björnsson. Flugur á vegg: Viðar Eggertsson og Steinunn Valdimarsdóttir.

Þorbjörn setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Fundarefni dagsins var:

1. Kynning og umræður um fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar.
2. Undirbúningur vegna sveitarstjórnarkosninga.
3. Undirbúningur vegna kjarasamningsgerðar.

1. **Fjármálastefna ríkisstjórnarinnar** var lögð fyrir Alþingi í nóv. s.l. og verður væntanlega tekin þar fljótlega til umræðu.

Ekki er gert ráð fyrir neinum fjármunum til að draga úr skerðingum.

Miklir óvissuþættir eru í stefnunni, einkum vegna Covid, þróun ferðamannastraums til landsins og alþjóðlegrar verðbólgu.

Nokkuð áberandi er í fjármálastefnunni að fjallað er um öldrun á neikvæðan hátt.

Áhyggjur eru í stefnuplagginu af fjölgun lífseigra eldri borgara:

„Hægt hefur á drifkröftum hagvaxtar

Eftir því sem áhrif skammtímapáttá fjara út á seinni hluta stefnutímabilsins felst mat á hagþróuninni í auknum mæli í framreikningi á grunni undirliggjandi drifkrafta. Öldrun þjóðarinnar og breytingar í framleiðni eru þeirra helstir. Á árunum 2021–2026 fækkar þannig fólki á vinnualdri fyrir hvern einstakling yfir 67 ára úr 5,9 í 5,1 samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofunnar.

Og gamlir eldri borgarar munu að óbreyttu valda 3% hækkun kostnaðar vegna heilbrigðisþjónustu fram til ársins 2050.

Í stjórnarsáttmálanum er gert ráð fyrir endurskoðun á almannatryggingakerfinu en aðeins gert er ráð fyrir 1% raunvexti útgjalda á ári til ársins 2026 og því ekki mikið borð fyrir báru til hækkana lífeyris.

Gera má ráð fyrir að skatttekjur verði í auknu mæli færðar yfir á neyslu.

2. Sveitarstjórnarkosningar 2022

Nefndarmenn voru sammála um nauðsyn þess að eldri borgarar komi baráttumálum sínum á framfæri við frambjóðendur til sveitarstjórna. Forgangsmálin eru heilsuefling og húsnæðismál/skipulagsmál.

Heilsuefling bætir lífsgæði og sparar útgjöld til heilbrigðismála.

Búsetuform þurfa að vera fjölbreyttari. Búsetukjarnar (Viðar: lífsgæðakjarnar) verða að vera heppilega staðsettir með fjölbreytta þjónustu og gönguleiðir. Leiga á húsnæði í lífsgæðakjarna ætti að tryggja betri nýtingu (auðveldari búsetuskipti).

Sveitarfélögin þurfa að hafa málefni okkar eldri á dagskrá. Stefnu í þeim efnunum skortir.

Hvernig nálgast sveitarfélögin þá sem ekki bera sig eftir aðstoð?

Mismunandi reglur eru hjá sveitarfélögunum t.d. varðandi afslætti af fasteignagjöldum.

3. Kjarasamningar.

Samstaða var um nauðsyn þess að LEB fái fundi með ASÍ, BSRB og BHM um lífeyris- og húsnæðismál í aðdraganda kjarasamninga.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Jón Ragnar Björnsson
fundarritari.